

Nd.

**647. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um friðun æðarfugla. (þingskj. 630).

Háttvirt efri deild hefir haft frumvarp þetta til meðferðar á ný við eina umræðu og tekið upp aftur bannið gegn sölu og kaupi æðareggja, sem felt var niður við 2. umræðu frumvarpsins hjer í deildinni.

Vjer verðum að vera sammála nefndinni í efri deild um það, að ákvæði þetta megi ekki vanta í friðunarlögin, og leggjum því til, að frumvarpið verði nú samþykkt óbreytt, eins og efri deild hefir gengið frá því.

Neðri deild Alþingis, 30. ágúst 1913.

Sigurður Sigurðsson,  
formaður.

Benedikt Sveinsson,  
skrifari.

Matth. Ólafsson.

Þorleifur Jónsson.

G. Eggerz.